



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

Ársskýrsla 2016

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Fræðslusjóður	5
2. Afla upplýsinga og skilgreina menntunarþarfir markhópsins	7
3. Námskrár og námslýsingar	9
4. Þróun aðferða í framhaldsfræðslu	11
5. Tryggja gæði og þróun raunfærnimats	13
6. Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga.....	16
7. Náms- og starfsráðgjöf.....	18
8. Gæði í framhaldsfræðslunni	21
9. Nemendabókhalld.....	22
10. Miðlun upplýsinga á vettvangi framhaldsfræðslu	23
11. Undirbúa aðkomu nýrra hópa að framhaldsfræðslu	25
12. Önnur verkefni: Norrænt tengslanet um nám fullorðinna	28

Inngangur

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var stofnuð árið 2002 af ASÍ og SA. Samningur við menntamálaráðuneytið var undirritaður á miðju ári 2003. BSRB, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðust aðilar að FA á miðju ári 2010. Lög um framhaldsfræðslu 27/2010 voru samþykkt á Alþingi í mars 2010 og tóku gildi 1. október sama ár. Reglugerð með lögum um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 gekk í gildi í árslok 2011. Árið 2016 er sjötta heila starfsár FA á grundvelli nýrra laga og fjórtánda starfsárið frá stofnun Fræðslumiðstöðvarinnar.

Á árinu 2016 var unnið á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið til 6 ára, sem tók gildi 1. janúar 2016 og gildir til ársloka 2021. Markmið starfseminnar eru að veita markhópum laga um framhaldsfræðslu tækifæri til að afla sér menntunar og bæta stöðu sína á vinnumarkaði með tilboðum um vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat hjá viðurkenndum fræðsluaðilum.

Ársskýrslan lýsir ekki daglegri starfsemi félagsins, heldur fyrst og fremst þeim verkefnum sem unnið var að á árinu 2016 á grundvelli fyrrnefnds þjónustusamnings og starfsáætlunar sem lögð hefur verið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ársskýrslan er þannig uppbyggð að getið er allra verkefna sem falin voru FA í þjónustusamningi og lýst hvað gert var ásamt því að gera grein fyrir viðbótarverkefnum, ef svo ber undir. Auk þess er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem unnin voru utan þjónustusamningsins.

FA þjónustar stjórn Fræðslusjóðs sem deilir út framlögum til viðurkenndra fræðsluaðila til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats ásamt því að úthluta styrkjum til þróunar- og nýsköpunarverkefna. Sérstök ársskýrsla er gerð fyrir Fræðslusjóð.

Eins og fram kom í ársskýrslu FA árið 2014 sagði ESB upp samningi um IPA verkefnið „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“. Í kjölfar þess var tekin ákvörðun um að hefja málssókn á hendur ESB til að fá niðurstöðu í málið. Lögfræðistofan EUBELIUS í Brussel fer með málið fyrir hönd FA og er von á niðurstöðu á árinu 2017. Í byrjun árs 2016 barst FA greiðsla frá ESB sem nam hlutdeild þess í áföllnum kostnaði við verkefnið fram að því að uppsögn tók gildi. Engin ný verkefni hafa síðan farið af stað undir formerkjum IPA verkefnisins, en á árinu hefur verið unnið að endurskoðun og þróun vefjarins naestaskref.is

Auk ofangreindra verkefna vinnur FA að nokkrum verkefnum með fulltrúum atvinnulífsins eða á grundvelli annarra samninga, sem hafa samlegðaráhrif í starfinu en eru fjármögnuð með öðrum hætti. Hér ber einkum að nefna vistun á NVL fyrir norrænu ráðherranefndina.

Í stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sitja frá aðalfundi, sem haldinn var 22. júní 2016: Fjóla Jónsdóttir, Finnbjörn A. Hermannsson og Halldór Grönvold frá ASÍ, Karl Rúnar Þórsson frá BSRB, Sólveig B. Gunnarsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, María Guðmundsdóttir og Falur Harðarson frá SA. Varamenn eru Selma Kristjánsdóttir frá ASÍ, Guðrún Eyjólfsdóttir frá SA, Þórveig Þormóðsdóttir frá BSRB og Guðmundur H. Guðmundsson frá fjármálaráðuneytinu. Kristín Þóra Harðardóttir kom inn í varastjórn í stað Guðrúnar Eyjólfsdóttur er tók sæti í aðalstjórn. Stjórnin hélt 10 fundi á árinu. og auk þess aðalfund 22. júní. Á aðalfundi tók Halldór Grönvold við formennsku af Sólveigu B. Gunnarsdóttur og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir við varaformennsku af Halldóri Grönvold.

Þorgerður Katrín lét af störfum hjá SA á árinu og vék úr stjórn FA, í hennar stað kom Guðrún Eyjólfsdóttir sem áður var í varastjórn. Tók hún jafnframt við varaformennsku af Þorgerði Katrínu. Í stað Guðrúnar í varastjórn kom Kristín Þóra Harðardóttir fyrir SA.

Starfsmenn FA voru á árinu 2016: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, til 1. júní, er hún lét af störfum og Sveinn Aðalsteinsson tók við. Friðrik Hjörleifsson, hvarf til annarra starfa um mitt ár og í hans stað var ráðin Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Bergþóra Hlín Arnórsdóttir, Björn Garðarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Halla Valgeirsdóttir, Haukur Harðarson, Hjördís Kristinsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir og Steinunn Júlíusdóttir. Stöðugildi í árslok voru 12,9.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er til húsa í Skipholti 50 b, 3.hæð, FA leigði Landsmennt aðstöðu í húsakynnum sínum, til loka árs 2016. Auk skrifstofuaðstöðu er í húsakynnum FA fundarherbergi og kennslustofa sem FA deilir með Starfsmennt fræðslusetri. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA. Húsaleigusamningur er til 10 ára.

Helstu samstarfsaðilar FA á árinu 2015 voru: Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Fræðslunet Suðurlands, Viska í Vestmannaeyjum, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Mímir-símenntun, Framvegis ehf, Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins, Fræðslusetrið Starfsmennt og IÐAN fræðslusetur.

1. Fræðslusjóður

2.1. *Annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fara skal með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Fjármál og starfsemi Fræðslusjóðs skulu skýrt aðgreind frá starfsemi FA.*

Stjórn sjóðsins er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra á grundvelli laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fræðslusjóður deilir út framlögum til fræðsluaðila á grundvelli laganna til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Auglýst er eftir umsóknum um styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna úr Fræðslusjóði. Ný stjórn var skipuð 20. nóvember 2014. Skipunartíma hennar lýkur 19. nóvember 2018.

Á árinu 2016 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:

Starfsmenn FA annast fundarboð, ritun fundargerða og almenna þjónustu vegna stjórnarfundu Fræðslusjóðs. Haldnir hafa verið 13 fundir í stjórn Fræðslusjóðs á árinu. Fundargerðir stjórnar hafa verið ritaðar og settar á vefinn <http://frae.is/fraedslusjodur/fundargerdir>.

Auglýst var eftir umsóknum um framlög vegna vottaðra námsleiða, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar þann 24. október 2015. Skilafrestur umsókna var 20. nóvember 2015. Umsóknir vegna vottaðra námsleiða voru rúmar 626 milljónir. Umsóknir um náms- og starfsráðgjöf voru tæpar 201 milljón. Umsóknir vegna raunfærnimats voru tæpar 194 milljónir. Úthlutun ársins 2016 var samþykkt á fundi stjórnar sjóðsins 15. desember 2015 með fyrirvara um niðurstöður fjárlaga. Niðurstaða fjárlaga var 12,5 milljóna lækkun frá fjárlagafrumvarpinu og var brugðist við því með lækkun á framlagi til nýsköpunar- og þróunarverkefna um 5 milljónir og til vottaðra námsleiða um 7,5 milljónir. Endanleg úthlutun skiptist þannig að til vottaðra námsleiða var veitt rúmlega 494 milljónum, til náms- og starfsráðgjafar var veitt 131 milljón og til raunfærnimats var veitt tæpum 179 milljónum.

Auglýst var eftir umsóknum um nýsköpunar- og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu þann 31. mars. Alls bárust 29 umsóknir að upphæð ríflega 68,8 milljónir. Til úthlutunar voru 35 milljónir. Úthlutað var tæplega 33,8 milljónum til alls 14 verkefna.

Í september 2016 var óskað eftir upplýsingum frá fræðsluaðilum um stöðu verkefna, áætluð skil á fjármagni, ef einhver væru og umsóknum um viðbótarúthlutun. Á fundi í október lágu niðurstöður fyrir og hægt var að mæta öllum umsóknum um viðbótarúthlutun.

Auglýst var eftir umsóknum vegna úthlutunar til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats fyrir árið 2017 í lok október. Úthlutanir ársins 2017 voru samþykktar á fundi stjórnar þann 14. desember með fyrirvara um niðurstöðu fjárlaga.

Gengið var frá samningum við samstarfsaðila vegna úthlutunar 2016 til vottaðra námsleiða, nám- og starfsráðgjafar og raunfærnimats í byrjun árs 2016, þegar fjárlög lágu fyrir og endanleg úthlutun verið staðfest.

Bókhald er fært vikulega og greiðslur fara fram samkvæmt samningum. Ársreikningur var lagður fram af endurskoðanda á fundi stjórnar Fræðslusjóðs þann 31. maí og undirritaður af stjórn á fundi 22. júní 2016. Ársreikningi var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ríkisendurskoðunar og Fjárslu ríkisins fyrir lok júní. Árskýrslu var dreift til stjórnarmanna á fundi þann 31. maí. Einnig eru ársskýrslan og ársreikningurinn birt á vef FA.

Á árinu var unnið að einföldun verðlagningar í bæði náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Fór sú vinna fram í samráði við fræðsluaðila. Niðurstaðan var ný samþykkt verðskrá, sem tekur gildi samhliða úthlutun til ársins 2017. Þar er farið á milli að í raunfærnimati er greitt fast grunnjald fyrir hvern einstakling er lýkur raunfærnimati, auk gjalds fyrir hverja staðna einingu. Framlag sjóðsins fyrir hverja staðna einingu lækkaði við þessa breytingu úr 9.100 í 2.700. Þak á greiðslur var afnumið. Breytingarnar leiddu til óverulegrar útgjaldaaukningar.

Í náms- og starfsráðgjöf var viðtalsflokkum fækkað úr fimm í tvo. Þess í stað tekin frá upphæð til að mæta ferðakostnaði miðstöðvanna við að kynna ráðgjöfina, ná til markhópsins á vinnustöðum og einkum til að bjóða ráðgjöf á stöðum fjarri starfsstöðvum miðstöðvanna.

Fyrirhugaðri vinnu við endurskoðun skilmála og úthlutunarreglna Fræðslusjóðs, sem hófst árið 2015, var frestað enn um sinn, þegar upplýst var að mennta- og menningarmálaráðuneytið hygðist taka til endurskoðunar lög nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu, en það er á grundvelli þeirra sem Fræðslusjóður starfar.

Í upphafi árs var safnað saman og farið yfir upplýsingar frá fræðsluaðilum vegna uppgjors ársins 2015. Farið var yfir og samanburður gerður á upplýsingum, sem skilað er inn til Fræðslusjóðs og því fjármagni, sem fræðsluaðilar höfðu til ráðstöfunar. Leitað var eftir endurgreiðslum ef framvinda verkefna var ekki samkvæmt áætlunum um framkvæmd og fjármögnun. Uppgjör ársins var gert á grundvelli skilmála frá árinu 2014.

Upplýsingasöfnun vegna framvindu verkefna hefur verið í gangi allt árið eftir þeim verkferlum sem ákveðnir hafa verið.

Upplýsingum um náms- og starfsráðgjöf er safnað fjórum sinnum á ári, en tvisvar á ári er safnað upplýsingum um vottaðar námsleiðir og raunfærnimat.

Veittar hafa verið upplýsingar varðandi skil og uppgjör á afurðum nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu í samræmi við samþykkt verkferla. Jafnframt var leitað til starfsmanna FA um mat á umsóknum um nýsköpunar- og þróunarverkefni á vormánuðum.

Við uppgjör á framkvæmd náms- og starfsráðgjafar vegna ársins 2015 vöknudu ýmsar spurningar er vörðudu meðal annars skráningu þátttakenda og fjölda þeirra er féllu innan markhóps Fræðslusjóðs. Niðurstaðan var að framkvæmd hafi ekki verið í fullu samræmi við skilmála og verklagsreglur Fræðslusjóðs, en þó væri rétt að veita fræðsluaðilum tækifæri til að bregðast við. Því var ákveðið að veita þeim heimild til að nýta eftirstöðvar úthlutunar 2015 á árinu 2016 í stað þess að skila þeim við uppgjör. Vandlega var farið yfir úthlutanir til náms- og starfsráðgjafar síðustu 5 árin, fjölda einstaklinga, fjölda viðtala, meðalfjölda viðtala á mann, fjármagn og kostnað á hvern einstakling og hvert viðtal hjá öllum fræðsluaðilum á fundi 9. febrúar. Einnig var farið yfir skiptingu ráðgjafarviðtal eftir menntunarstigi ráðþega hjá öllum fræðsluaðilum og gerð tilraun til að meta hversu vel hefði tekist að ná til markhóps á svæðunum.

Ársskýrslu Fræðslusjóðs var dreift til stjórnarmanna á fundi 13. apríl, þar sem jafnframt var farið yfir hana. Skýrslan hafði áður verið send stjórnarmönnum í tölvupósti. Í ársskýrslunni koma fram allar helstu upplýsingar um starfsemi sjóðsins og meðferð fjármuna, tölfræði og árangur af starfi hans. Ársskýrslan, ásamt með ársreikningi, var send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ríkisendurskoðunar og Fjársýslu ríkisins í júní.

Umsjón: Björn Garðarsson og Sveinn Aðalsteinsson

2. Afla upplýsinga og skilgreina menntunarþarfir markhópsins

2.2. Afla upplýsinga um markhópinn, sbr. a–e liðum 2. gr. og a-lið 3. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu og menntunarþarfir hans. Skilgreina menntunarþarfir markhópsins m.a. með hæfnigreiningum í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum.

Á árinu 2016 var unnið að eftirtöldum verkefnum:

Uppsetning námskráa og námslýsinga var endurskoðuð vegna athugasemda frá MMS og þar með líka skilgreining á fræðsluferli FA. Eftir samtöl við MMS á seinni hluta árs var þó ákveðið að falla frá þeim breytingum og vinna samkvæmt áður skilgreindu ferli. Sú ákvörðun styrkir þann grunn sem hæfnigreiningum var ætlað að vera fyrir námskrárritun og áfram var unnið að þróun aðferðarinnar í því skini.

Öll vinna við hæfnigreiningar og námshönnun byggist á að safna upplýsingum um markhópinn en þar að auki eru gögn yfirfarin jafnt og þétt, t.d.:

- Skýrsla gefin út af Vinnumálastofnun „Staða og horfur á vinnumarkaði á árunum 2016-2018“ en þrír starfsmenn fóru á kynningu þeirrar skýrslu.
- Hagstofufréttir eru skimaðar reglulega.
- Ýmis gögn gefin út af CEDEFOP eru rýnd s.s. Skills agenda.
- Fréttir af EPALE vefnum bæði í vefriti og á Facebook síðum.

FA átti fulltrúa í verkefnahópi á vegum Stjórnstöðvar ferðamála sem hafði það meginverkefni að greina þarfir fyrir heilstæðar úrbætur sem styðja hæfni, gæði, fagmennsku og þekkingu innan ferðaþjónustunnar og gera tillögur að skilvirkum leiðum til úrbóta. Hann var skipaður af Stjórnstöð ferðamála í kjölfar Vegvísis í ferðaþjónustu sem kom út í október 2015. Verkefnahópurinn lauk störfum vorið 2016 og hefur skilað tillögum um aðgerðir til Stjórnstöðvar ferðamála. Skýrsla hópsins ber heitið Fjárfestum í hæfni starfsmanna. Þar eru m.a. gerðar tillögur um þrepaskiptingu náms, tengingu við ISQF og aukið vægi raunfærnimats. Einnig er lagt til að stofnað verði Hæfnisetur ferðaþjónustunnar og það verkefni verði leitt af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Settur var á fót undirbúningshópur fyrir það verkefni og áttu tveir starfsmenn FA sæti í honum.

Kortlagning á störfum og starfsheitum í ferðaþjónustu var unnin í samstarfi við Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina. Markmið kortlagningar var að fá yfirsýn yfir helstu störf og starfsheiti í ferðaþjónustu. Í þessu verkefni var ákveðið að undanskilja störf í ferðaþjónustu á vegum opinberra aðila, og fólksflutninga með flugi og skipum. Fundað var með stjórnendum fyrirtækja til að fá upplýsingar um störf og starfsheiti í starfsgreinaflokkum. Stjórnendur voru beðnir um að leggja mat á einstök störf út frá verkefnum, sjálfstæði og ábyrgð. Markmiðið með því var að gera skýr skil á milli starfa þar sem í mörgum tilvikum voru notuð mörg starfsheiti fyrir sambærileg störf, og einnig til að gera starfsþróunarmöguleika innan greinarinnar sýnilega. Haldinn var 31 fundur með stjórnendum fyrirtækja, flestum á höfuðborgarsvæðinu en í sumum tilvikum voru fyrirtækin með starfsstöðvar víða um landið. Að lokinni kortlagningu var niðurstaða kynnt starfsgreinaráði og helstu hagsmunaaðilum.

Í apríl, maí og júní var unnið að kortlagningu starfa í skrifstofu- og verslunargreinum fyrir Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina. Markmið kortlagningar var að fá yfirsýn yfir

helstu störf og starfsheiti í þessum greinum. Gerð var stutt lýsing á störfum þar sem áhersla var lögð á að greina sjálfstæði og ábyrgð sem þeim fylgir. Haldnir voru fjórir fundir með Starfsgreinaráðinu og stjórnendur 14 fyrirtækja voru heimsóttir. Verkefninu lauk með því að niðurstöður voru kynntar fyrir Starfsgreinaráðinu.

Unnið var að undirbúningi þess að gera upplýsingar, um hæfnigreiningar og afurðir þeirra, aðgengilegri og sýnilegri á vef FA. Allflestir starfaprófilar FA sem eru í hæfnigrunninum voru gerðir aðgengilegir á frae.is. Þá var ferlinu við greiningar samstarfsaðila breytt á þann veg að FA hefur meiri aðkomu m.a. til að liðka fyrir tengslum við atvinnulífið.

Ekki var haldið námskeið til að þjálfa umsjónarmenn greininga á árinu en greiningarverkefnum sem eru í gangi hefur verið fylgt vel eftir. Fundað var reglulega með Framvegis vegna þeirra þriggja greininga sem þau hafa unnið og fylgst með hvernig starfaprófilarnir nýtast í námskrám.

FA greindi hæfnikröfur til stjórnenda í smásöluverslun. Um var að ræða greiningu á tveim störfum. Mikilvægt þótti að taka þátt í þessu verkefni, þó færa megi rök fyrir því að ekki sé alltaf um markhóp FA að ræða, þar sem nú höfum við yfirlit yfir 4 störf í smásöluverslun á þrepum 1-4 sem gefa mynd af starfsþróunarmöguleikum þeirra sem þar starfa.

Símenntunarmiðstöðin Framvegis vann greiningu á starfi þeirra sem aðstoða notendur við upplýsingatækni og gagnavinnslu í fyrirtækjum (Starfsmaður við upplýsingatækni). FA aðstoðaði og ráðlagði við ferlið og lagði til viðeigandi gögn.

Þessir starfaprófilar bættust við hæfnigrunn FA á árinu 2016.

- Verslunarstjóri
- Millistjórnandi í verslun
- Starfsmaður við upplýsingatækni

Vinna hófst við þýðingu nokkurra nýrra hæfniþátta á seinni hluta árs 2015 í tengslum við þau greiningaverkefni sem lágu þá fyrir. Þeirri vinnu er lokið. Einnig voru aðrir þættir yfirfarnir og þýddar lýsingar á efri þrepum nokkurra þátta.

Búið er að prenta 3ju útgáfu af spjöldum sem inniheldur nú 71 þátt, flesta á 6 þrepum. Nokkrir stjórnunarþættir eru aðeins á 4 þrepum þar sem eðli málsins samkvæmt er þeim ekki lýst á neðstu þrepum viðmiðunarrammans. Fjórir þættir til viðbótar eru í hæfnigrunninum en voru ekki settir á spjöld. Þar er um að ræða grunnleikni sem þróa þarf nánar.

Endurskoðun handbókar er hafin og drög að nýrri útgáfu mun líta dagsins ljós í ársbyrjun 2017. Það sama á við um endurskoðun kynningarefnis og annarra gagna.

Áfram var unnið með VR að því að setja niðurstöður fram á aðgengilegan hátt og tengja við námstilboð. Stýrihópur verkefnisins var tengdur þeirri vinnu. VR leitaði til auglýsingastofu til að vinna að heppilegri framsetningu á gögnum frá FA. VR afhenti FA þær niðurstöður og mun sú vinna nýtast FA í framtíðinni.

FA sinnti ráðgjöf við yfirfærslu starfaprófíla í námskránum

- Starfsmaður við upplýsingatækni
- Tækniþjónusta

Umsjón: Guðmunda Kristinsdóttir

3. Námskrár og námslýsingar

2.3. *Semja námskrár og námslýsingar og vinna með fræðsluaðilum og atvinnulífi að þróun þeirra, sbr. 6. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.*

Unnið var að því að lýsa því fræðsluferli sem unnið er eftir í framhaldsfræðslunni. Áhersla var á að lýsa ferlinu frá gerð starfaprófils til námskrárritunar og gerð námslýsinga. Í þessu ferli byggja námsþættir námskrár á hæfnipáttum úr starfaprófil. Á fundi FA og Menntamálastofnunar í október var þessi leið samþykkt.

Á árinu 2016 voru 12 námskrár sendar til vottunar í gegn um námskrárgrunn framhaldsfræðslunnar og af þeim höfðu 7 fengið staðfestingu fyrir árslok. FA átti á árinu reglulega fundi með Menntamálastofnun í tengslum við þróun námskráa.

Rannís leiddi vinnu um gerð hæfniramma um íslenska menntun. FA átti fulltrúa í vinnuhópi um 1. þrep. Fulltrúi FA, fulltrúi starfsbrauta framhaldsskólanna og Menntamálastofnunar unnu tillögur fyrir hönd vinnuhóps um 1. þrep sem sendar voru til ráðgjafahóps um hæfnirammann. Reglulegir samráðsfundir aðila innan framhaldsfræðslunnar voru haldnir á árinu.

Einingar í framhaldsfræðslunni eru nú kallaðar F-einingar eins og í framhaldsskólunum. Sama reikniregla gildir fyrir framhaldsfræðslu og framhaldsskóla, það er allur vinnutími námsmanns er lagður til grundvallar við útreikning á einingum. Þannig er reynsla þeirra fullorðnu námsmanna sem stunda nám í framhaldsfræðslunni ekki metin á sama hátt og áður var. Í nýjum námskrám og við endurskoðuðum námskráa er því allur vinnutími námsmanna skráður og reynsla metin sem vinnuframlag þegar það á við.

Eftirtaldar námskrár voru endurskoðaðar á árinu og settar í námskrárgrunn fyrir framhaldsfræðslu.

- Skref til sjálfshjálpar – í samstarfi við Símei (lokið á árinu 2016)
- Að lesa og skrifa á íslensku – í samstarfi við Mími (lokið á árinu 2016)
- Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk (lokið á árinu 2016)
- Stökkpallur – í samstarfi við MSS (lokið á árinu 2016)
- Opin smiðja (lokið á árinu 2016)
- Verkfærni í framleiðslu – í samstarfi við Mími og Marel (lokið á árinu 2016)
- Starfsnám stuðningsfulltrúa – í samstarfi við Starfsmennt (lokið á árinu 2016)
- Nám í stóriðju – í samstarfi við Símenntun á Vesturlandi (í vinnslu við árslok 2016)

Þá veittu fulltrúar FA samstarfsaðilum aðstoð og ráðgjöf við ritun eftirtalinna námskráa:

- Tækniþjónusta – í samstarfi við Framvegis (lokið á árinu 2016)
- Starfsnám í vöruhúsi – í samstarfi við Mími (lokið á árinu 2016)
- Skjalavarsla – Framvegis (í vinnslu við árslok 2016)
- Upplýsingatækni – Framvegis (í vinnslu við árslok 2016)

Í starfstengdum námskrám er vísað til almennrar starfshæfni og áfram unnið að því að skoða ýmsa möguleika á framsetningu. Drög voru gerð að námsþáttum á þrepum sem taka yfir alla þætti almennu starfshæfninnar og byrjað að huga að námsefni sem gæti nýst í þeirri þróun.

Námskráin Stökkpallur sem unnin var upphaflega af MSS var endurskoðuð og send til vottunar í gegnum námskrárgrunninn. Í námskránni er vísað til almennu starfshæfninnar. Námskráin er ætluð þeim sem horfið hafa frá námi og/eða eru án atvinnu.

Umsjón: Halla Valgeirsdóttir

4. Þróun aðferða í framhaldsfræðslu

2.4. Þróa aðferðir í framhaldsfræðslu í samvinnu við fræðsluaðila og miðla innlendum sem erlendum nýjungum um framhaldsfræðslu til fagfólks.

Frá árinu 2004 hafa alls verið haldin um 86 kennslufræðinámskeið og fræðslufundir fyrir fræðslustarfsmenn og leiðbeinendur, samtals hafa 1.427 námsmenn tekið þátt og lokið 14.337 nemendastundum. Tvö kennslufræðinámskeið voru haldin árið 2016. Stiklur 5, Notkun rafrænna miðla í námi var haldið fyrir Mími símenntun, 16 námsmenn tóku þátt, samtals 112 nemendastundir. Vinnustofan Opnir miðlar og námssamfélög, var haldin í Reykjavík, 23 námsmenn tóku þátt, samtals 161 nemendastund. Ráðgjöf í kennslufræði hefur farið fram með óformlegum samtölum við verkefnastjóra hjá fræðsluaðilum. Haldnir hafa verið þrjár fundir með verkefnastjórum þar sem rætt hefur verið um kennslufræði í framhaldsfræðslu. Nokkur umræða hefur verið um þróun í kennslufræði í ljósi lítillar eftirspurnar eftir námskeiðum og meðal annars haldnir tveir fundir í starfsmannahópi FA.

Stöðugt er unnið að því að þróa faglegt starf og á árinu hefur umræða verið um að þróa viðmið um hæfni leiðbeinenda í framhaldsfræðslu, meðal annars í tengslum við hugmyndir um almenna námskrá fyrir framhaldsfræðslu. Safnað hefur verið efni sem tengist hæfni leiðbeinenda með það að markmiði að fræðsluaðilar geta metið hæfni og aukið gæði starfseminnar. Jafnframt hafa verið skoðaðar leiðir til að miðla kennslufræði og kennsluaðferðum fyrir framhaldsfræðsluna í auknu mæli í gegn um vefmiðla og samfélagsmiðla til að koma námi á framfæri við leiðbeinendur í framhaldsfræðslu.

Verkefninu *Open badges for adult educators* lauk á árinu 2016 og voru haldnir 4 veffundir með þátttakendum verkefnisins auk eins vinnufundar í Helsinki í maí. Samhliða fundinum í Helsinki stóð verkefnið fyrir Seminar með yfirskriftinni “Open days for Open Badges“ sem var að hluta til streymt á netið. Einnig var boðið upp á vefstofu í janúar og upptöku af efni hennar má nálgast á heimasíðu verkefnisins: openbadge.wordpress.com. Þátttakendur í verkefninu (að Íslandi undanskyldu) hafa fengið styrk fyrir nýju verkefni byggt á þessu og mun áfram verða unnið við vefsíðuna í tengslum við það.

Vinnuhópur á vegum NVL um grunnleikni fullorðinna fundaði þrisvar á árinu. Verkefninu lauk um mitt ár og við lok þess var gefin út skýrsla hópsins um grunnleikni á Norðurlöndunum, Grundlæggende færdigheder i Norden, var birt um mitt ár 2016. Eftir að vinnuhópurinn lauk verkefninu var settur saman bakhópur með fulltrúum FA og MRN um grunnleikni á Íslandi. Hópurinn hefur fundað þrisvar á árinu. Í lok árs var ljóst að nýtt net um grunnleikni yrði stofnað á vegum NVL og gert ráð fyrir tveimur fulltrúum frá hverju landi. Vonir standa til að FA verði boðin þátttaka í þessu nýja NVL neti um grunnleikni fullorðinna.

Útbúið var rafrænt form fyrir samræmdar þjónustukannanir sem var kynnt fyrir fræðsluaðilum í apríl. Tilgangur þess var að skapa samræmdan vettvang til að meta árangur af starfinu með áherslu á viðhorf námsmanna til algengra námstilboða í framhaldsfræðslu. Verkefnið var unnið í samstarfi við Kvasir. Lítil þátttaka var hjá fræðsluaðilum og eingöngu einn aðili notaði þetta form til að leggja fyrir þjónustukannanir. Það er ljóst að finna þarf aðra nálgun til að vinna með samræmdar þjónustukannanir innan framhaldsfræðslunnar, þar sem þessi rafræna útgáfa virðist ekki henta þeirri starfsemi sem fram fer hjá fræðsluaðilum.

Fylgst hefur verið með nýjungum í kennslufræði á vef EPALÉ og leitað hefur verið til aðila sem bjóða nám í kennslufræði til að styrkja kennslufræði fullorðinna. Áberandi er mikil þróun í notkun rafrænna miðla við nám og mikilvægt að styðja við þá þróun eftir því sem kostur er.

Umsjón: Bergþóra Hlín Arnórsdóttir

5. Tryggja gæði og þróun raunfærnimats

2.5. Tryggja gæði og þróun raunfærnimats og fylgjast með framkvæmd þess. Veita starfandi fagfólki hjálfun og leiðbeina um úrlausn álitamála.

Frá árinu 2004 hafa 3.952 einstaklingar lokið raunfærnimati. Markhópur framhaldsfræðslunnar árið 2016 (þau sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla) var um 28% fólks á vinnumarkaði og telur því um 55.000 Því hafa um 7.2% af markhópi framhaldsfræðslunnar lokið raunfærnimati. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta hlutfall sýnir aðeins þau sem hafa lokið raunfærnimati, ekki hversu margir hófu eða luku námi að loknu raunfærnimati.

Alls luku 516 einstaklingar raunfærnimati árið 2016. Þetta er nokkur fjölgun frá árinu 2015 en þá luku 450 raunfærnimati. Meðaltalsfjöldi þeirra sem luku raunfærnimati árin 2010 – 2016 er 449. Árið 2016 luku 20 einstaklingar raunfærnimati (4%) sem ekki voru með íslenskt ríkisfang.

Áhugavert er að annað árið í röð eru fleiri sem ljúka raunfærnimati á brautum sem ekki teljast til iðngreina.

Hópur	Fjöldi	Hlutfall	Meðal-aldur	Meðalfjöldi eininga	Fjöldi eininga	Konur	Karlar
Starfsnámsbrautir	252	49%	41,8	38,2	9.631	58%	43%
Iðngreinar	232	45%	38,3	49,6	11.514	12%	88%
Viðmið atvinnulífs	32	6%	32,8	Á ekki við		5%	84%
Samtölur	516	100%	39,7		21.145	34%	66%

Í samræmi við að sífellt fleiri samstarfsaðilar FA stýra raunfærnimatsverkefnum hefur umfang þessa þáttar aukist. Flest samtöl snúa að framkvæmd en einnig er mikið leitað eftir upplýsingum þegar opnað er fyrir umsóknir í Fræðslusjóð. Á árinu voru haldin þrjú námskeið fyrir fagaðila (þau sem koma að framkvæmd raunfærnimats) og þátttakendur á þeim voru 37. Fulltrúar FA sátu í fimm stýrihópum fyrir raunfærnimat og þá er um að ræða raunfærnimat í nýjum greinum og/eða ef lítil reynsla er til staðar hjá framkvæmdaaðilum.

Útbúið var fjögurra mínútna myndband sem lýsir framkvæmd raunfærnimats auk samtala við einstaklinga sem hafa lokið raunfærnimati. Verkefnið var unnið með styrk frá EPALE en hlutverk FA var að leggja til uppbyggingu, áherslur, skrifa handrit og vera leiðbeindi við framleiðslu. Myndbandið er almenn kynning á raunfærnimati og nýtist framkvæmdaaðilum á kynningarfundum og í einstaklingssamtölum

Árið 2015 var mörkuð sú stefna innanhúss að mikilvægt væri að styrka tengsl FA við samstarfsaðila vegna raunfærnimats. Það yrði gert með heimsóknnum til samstarfsaðila og markmið þeirra að ræða framkvæmd raunfærnimats, miðla upplýsingum, meta tækifæri til frekari þróunar og koma á persónulegum tengslum. Á árinu 2016 var fundað með Austurbrú, Farskóla Norðurlands vestra, IÐUNNI - fræðslusetri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Þekkingarneti Þingeyinga og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.

Á árinu 2016 var skipuð nefnd ASÍ og SA vegna bókunarinnar í kjarasamningum SGS, VR og Eflingar annarsvegar og SA hins vegar um að meta nám/raunhæfni til launa á tveimur þrepum á grundvelli hæfnigreiningar starfa. Starfsmenn FA eru þeirri nefnd til ráðgjafar. Hafa þeir verið

kallaðir á fundi nefndarinnar auk þess að skila inn minniblöðum um möguleika, kostnað og áskoranir við framkvæmd raunfærnimats þar sem notuð eru viðmið atvinnulífs en ekki námskrár.

Samstarf var við mennta- og menningarmálaráðuneyti um túlkanir á reglugerð, auk þess sem unnið var með ráðuneytinu að meta stöðu Íslands út frá því markmiði að árið 2018 verði komið á virkt raunfærnimatskerfi í öllum löndum Evrópu. Við vinnuna var stuðst við Vegvísi 2018 sem unnin var á vegum NVL um þróun og framkvæmd raunfærnimats til ársins 2018. Ákveðið var að þýða Vegvísi 2018 og hófst sú vinna í október. Það er gert með stuðningi NVL.

Fulltrúi FA sat í nefnd á vegum Stjórnstöðvar ferðamála þar sem fjallað var um leiðir til að efla hæfni starfsmanna og þar með gæði þjónustu. Í júlí 2016 skilaði nefndin af sér skýrslunni Fjárfestum í hæfni starfsmanna. Þar er meðal annars lagt upp með að þróa þrepaskipt starfsnám og áhersla á að raunfærnimat verði þróað jafnhliða.

Unnið var með VR að einfalda og tengja við íslenska hæfnirammann niðurstöður raunfærnimats fyrir störf. Í framhaldi af því var ákveðið að frekari þróun myndi flytjast til FA. Einnig hófust viðræður við VR og SVP um þróun á raunfærnimati fyrir verslunarstjóra í kjölfar á greiningarvinnu fyrir það starf.

Fulltrúi FA á sæti í nefnd sem fjallar um möguleika á að koma á raunfærnimati á háskólastigi. Helsta verkefni FA þar er að miðla reynslu og einnig hafa tengingar á norðurlöndum komið sér vel til að miðla þekkingu erlendis frá til nefndarinnar.

Haldnir voru fyrirlestrar um stöðu og framtíð raunfærnimats hjá Starfsgreinasambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands og á fundi fræðslusjóða v. verkefnisins Fræðslustjóri að láni.

Haukur Harðarson og Fjóra María Lárusdóttir sitja í sérfræðingahópi NVL um raunfærnimat. Þar eiga öll norðurlöndin fulltrúa og einnig Grænland, Færeyjar og Álandseyjar. Á árinu 2016 voru haldnir þrjú fundir. Helstu verkefni hópsins á árinu 2016 voru:

- gerð og útgáfa Road Map 2018 (hjálpartæki til að meta stöðu raunfærnimats og koma á virku raunfærnimatskerfi fyrir árið 2018),
- stefnumörkun og áherslur fyrir sérfræðingahópinn til næstu tveggja ára,
- Evrópuráðstefna um raunfærnimat (Biennale 2017),
- miðla reynslu og stöðu raunfærnimats milli landa.

Unnið er að Nordplus verkefni þar sem sett verður upp vefsíða sem lýsir áherslum Norðurlandanna varðandi raunfærnimat og auk þess sem hún hýsir efni sem nýtist milli landa. Vefsíðan nefnist Valiguide og slóðin <http://nvl.org/valiguide/>. Fulltrúi FA í þessari vinnu er Haukur Harðarson sem jafnframt er ritstjóri síðunnar.

Talsvert er leitað af erlendum aðilum til FA eftir upplýsingum um stöðu, árangur og framkvæmd raunfærnimats hérlendis. Eitt af því sem vekur mikla athygli erlendis er þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og ríkis um fræðslumál og einnig hversu nákvæmar kostnaðartölur liggja fyrir. Árið 2016 var tekið á móti hópum frá Ungverjalandi, Litháen, og Færeyjum. Í september fór starfsmaður FA ásamt starfsmanni IÐUNNAR fræðsluseturs til Færeyja og stýrðu þar vinnustofu um raunfærnimat og innleiðingu þess. Einnig voru fluttir fyrirlestrar á ráðstefnum í Lahti í Finnlandi og Osló.

Starfsmaður FA sótti Peer Learning Activity í París, 11 – 12 janúar 2016 sem bar heitið „Where individual paths and collective strategies for employment cross“. Áhersla fundarins var að ræða hugmyndir til að bæta stefnumótun tengda nauðsyn þess að tengja betur saman atvinnulíf og menntun. Tilmæli ESB 2012 um að löndin hafi komið á virkum raunfærnimatskerfum árið 2018 er grunnurinn.

Umsjón: Haukur Harðarson

6. Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga

2.6. Safna, varðveita og miðla upplýsingum í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti og Hagstofu, sbr. 13. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Starfsmenn FA voru upplýstir reglulega um framgang í starfinu með tölfræðilegum samantektum úr þeim tölum sem fræðsluaðilar skila inn til FA. Reglulega leita samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar til FA til að fá upplýsingar úr starfinu og þá eru slíkar upplýsingar teknar saman og sendar viðkomandi aðilum. Í febrúar var árangur fyrra árs tekinn saman og kynntur fyrir ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna.

Ýmis tölfræði ársins var kynnt stjórn í tengslum við stjórnarfundir.

Í ársbyrjun var farið yfir alla þjónustusamninga og samninga um framkvæmd og þeir bornir saman við niðurstöður þær sem fræðsluaðilar skila um framkvæmdina. Þar sem fjármagn hefur ekki verið notað að fullu er gerð krafa um endurgreiðslur.

Tölfræði vegna ársins 2015 var sett inn á heimasíðu FA í lok apríl 2016 (vottaðar námsleiðir, ráðgjöf og raunfærnimat) ásamt upplýsingum um úthlutanir framlaga úr Fræðslusjóði og styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna.

Vottaðar námsleiðir árið 2016:

Fjöldi nemenda	2.310
Fjöldi nemendastunda	394.488
Áætlaður fjöldi eininga	29.941
Kynjaskipting	konur: 68% karlar: 32%
Stéttarfélag	ASÍ: 70%, BSRB: 10%, önnur eða óþekkt: 15%, óskráð: 5%
Fjöldi nemendastunda í vottuðu námi greitt af öðrum	6.699
Kostnaður á einingu	16.188

Náms- og starfsráðgjöf árið 2016:

Fjöldi viðtala	9.043
Kynjaskipting ráðþega	konur: 58% karlar: 42%
Aldurskipting ráðþega	0 – 25 ára: 16%, 26 – 40 ára: 49%, 41 – 55 ára: 28% 56 ára og eldri = 7%
Menntunarstig ráðþega	grunnskóli: 25%, framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki): 62%, starfsmenntun: 3%, iðnmenntun: 4%, stúdentspróf: 4%, háskólamenntun: 2%

Staða ráðþega á vinnumarkaði	Í starfi: 73,5%, atvinnuleitandi: 12,6%, í námi: 5,5%, annað: 8,4%
Þjóðerni	Íslendingar: 93%, Pólverjar: 3% Aðrir: 4%
Stéttarfélag	ASÍ: 79%, BSRB: 6%, annað/óþekkt/óskráð 15%

Raunfærnimat árið 2016:

Heildarfjöldi einstaklinga	516
Fjöldi einstaklinga í iðngreinum	232
Staðnar einingar í iðngreinum	11.514
Fjöldi einstaklinga í öðrum greinum	252
Staðnar einingar í öðrum greinum	9.631
Meðalverð á einingu í raunfærnimati í (án ráðgjafar)	6.027
Fjöldi einstaklinga í raunfærnimati án eininga (viðmið atvinnulífs og almenn starfshæfni)	32
Meðalverð á einstakling í raunfærnimati án eininga	83.606

Umsjón: Friðrik Hjörleifsson og Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir

7. Náms- og starfsráðgjöf

2.7. Hafa umsjón með gæðum og þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir markhópinn í samstarfi við fræðsluaðila og sérfræðinga hér á landi sem og erlendis og miðla þekkingu á því sviði til fagfólks.

Á árinu 2016 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:

Haldinn var fundur með ráðgjöfum þann 12. febrúar 2016 í Reykjavík, með 21 þátttakanda (samtals 189 nemendastundir). Í september var haldið námskeið fyrir ráðgjafa um „Áhugahvetjandi samtal“ sem Áhugahvöt ehf. sá um. Námskeiðið er tengt GOAL verkefningu (sjá nánar í kafla um GOAL) og fjármagnað af því. Seinni hluti námskeiðsins verður haldinn í janúar 2017.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar skiluðu inn ársskýrslu um ráðgjöfina í byrjun árs og farið var yfir samantekt úr öllum skýrslunum á fundi ráðgjafanetsins í febrúar, sem og starfsáætlun ársins 2016. Í skýrslunum kom meðal annars fram að best gengur að ná til ráðþega í gegnum önnur verkefni eins og raunfærnimatsverkefni og námsleiðir. Mikilvægt er að efla samstarf við fyrirtæki og halda kynningar á vinnustöðum og fram kom að Markviss /Fræðslustjóri að láni þarfagreiningarverkefningu nýttast vel í þeim tilgangi, sem og til að ná til einstaklinga á vinnustöðum. Varðandi námsþarfir markhópsins, kom fram að fólk vill ljúka formlegu námi og stunda nám í heimabyggð. Ráðþegar koma oft til ráðgjafa vegna efasemda um eigin hæfni til náms og eru að leita að stuttu námi sem veita réttindi. Atvinnuleitendur eru núna færri vegna breyttrar stöðu á vinnumarkaði en hópurinn sem er eftir, er „þyngri“ og oft erfitt að fá einstaklinga til að mæta í viðtöl. Færri sækja í námsleiðir en verið hefur og þarf að leita eftir fólki víðar, t.d. í gegnum fyrirtækin til að hvetja það til náms. Í skýrslunum var víða fjallað um aukna þörf á ráðgjöf fyrir fólk af erlendum uppruna.

Á fundinum var einnig farið yfir tölfræði ársins 2015 og fjallað um skráningu viðtala í Myschool og skráningu á verðlagningu viðtala.

Skráningu varðandi brotthvarfs nemenda og ástæður þess var breytt í Myschool á síðasta ári og efnið rætt meðal ráðgjafa. Með tilkomu nemendaskráningar í INNU er þess vænst að auðveldara verði að fylgjast með brotthvarfi nemenda og ástæðum þess og þar með að efla stuðning og eftirfylgni ráðgjafa við hópinn.

Unnið var með reynslu og lærdóm af verkefnum Menntun núna á ráðgjafafundi á síðast liðnu ári, einkum út frá reynslu af því að vinna með brotthvarfsnema og fræðsluerindreka. Unnið hefur verið að verkefnum sem varða hvernig best er að ná til fyrirtækja og fleiri hópa samanber Evrópuverkefningu: Worklife guidance; „Þróun náms- og starfsráðgjafar í atvinnulífinu“ (fræðsluferð til Finnlands) og GOAL, sjá umfjöllun í öðrum liðum.

Endurskoðuð þjónustukönnun var send út og lögð fyrir notendur ráðgjafarþjónustunnar frá 2015 og 2016 á öllum miðstöðvum í lok árs 2016. Niðurstöður verða teknar saman og kynntar á næsta ráðgjafafundi í febrúar 2017.

Áfram hefur verið unnið með EQM viðmið um gæði í náms- og starfsráðgjöfinni (sjá nánar kafla um gæði).

Á fundi ráðgjafanetsins í febrúar fengu ráðgjafar þjálfun í að nota tæki og aðferðir úr verkfærakistu Evrópuverkefnisins Worklife Guidance eða Ráðgjöf í atvinnulífni og einnig var safnað endurgjöf um verkfærakistuna til áframhaldandi þróunar hennar.

Á árinu var unnið að endurskoðun vefgáttarinnar NæstaSkref.is, sem er heildstætt upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf á Íslandi með almennum náms- og starfslýsingum, rafrænni áhugakönnun, upplýsingum um raunfærnimat og vef- og símaráðgjöf. Verkefnið strandaði á vordögum 2014 í kjölfar þess að svokallaðir IPA styrkir Evrópusambandsins voru afturkallaðir. Þrátt fyrir það fór tilraunaútgáfa vefjarins í loftið í desember 2015. Þráðurinn var síðan tekinn upp síðastliðið haust og hefur vinna við vefinn verið í fullum gangi síðan. Helstu verkefni hafa falist í uppfærslu og lagfæringum á þeim alls 320 náms- og starfslýsingum sem hafa verið aðgengilegar frá 2014, gerð nýrra náms- og starfslýsinga auk hugmyndavinnu um útlit og virkni nýs vefjar. Reiknað er með að vinna við uppfærslu og uppsetningu vefjarins sumarið 2017 og hann verði tilbúinn þá um haustið.

Seinni hluta september komu þrír nemar í náms- og starfsráðgjöf frá H.Í. í starfsþjálfun í eina viku (20 tímar) og miðluðu áfram upplýsingum um framhaldsfræðsluna, starfsemi FA og náms- og starfsráðgjöfina inn í námið. FA er samstarfsaðili H.Í. í Nordplus verkefni (VALA) sem fór af stað haustið 2012 og fjallar um þróun og menntun ráðgjafa sem sinna fullorðnum. FA hefur það hlutverk að taka á móti erlendum nemum í gegn um verkefnið. Á árinu komu nemendur í heimsókn til FA til að ræða hugmyndir að MA verkefnum í náms- og starfsráðgjöf og fá handleiðslu varðandi verkefni. Þrír komu á vorönn og tveir á haustönn.

Starfsmaður FA hefur sótt fjóra fundi erlendis og héraendis í ráðgjafaneti á vegum NVL Í ráðgjafanetinu var m.a. unnið að undirbúningi ofangreindrar ráðstefnu og að skrifum á skýrslu um „Samordning och koordinering av vägledningen i de nordiska länderna och självstyrande områdena“. Innan netsins er starfandi hópur sem fjallar um rafræna ráðgjöf í samstarfi við „Distans“ netið. Á árinu var einnig hafinn undirbúningur að ráðstefnu um Career management skills (CMS) eða *færni einstaklingsins til að stjórna eigin starfsferli*, sem haldin verður í Malmö í nóvember 2017.

Worklife guidance er Erasmus+ samstarfsverkefni fimm landa, sem fjallar um að tengja saman aðferðir sem notaðar eru úti á vinnustöðum við náms- og starfsráðgjöf; greiningu fræðsluþarfa starfsmanna á vinnustöðum; raunfærnimat og mannauðsstjórnun. Verkefnið hófst í september 2014 og verkefnastjórnun var í höndum FA en tveir starfsmenn tóku þátt í verkefninu. Fundur var haldinn í Svíþjóð 3. – 4. mars og fundur og lokaráðstefna verkefnisins var haldin í Hollandi 2. – 3. júní. Afurðir verkefnisins birtast á vefsíðu sem er öllum opin en verkefninu lauk formlega 31. ágúst 2016. Sjá: <http://wlguidance.wixsite.com/toolbox>

Sótt var um Erasmus + KA1 mannaskiptaverkefni til að fara með hóp náms- og starfsráðgjafa símenntunarmiðstöðvanna í náms- og fræðsluferð til OAKK símenntunarmiðstöðvar í Oulu í Finnlandi. FA sá um umsóknarskrif og allan undirbúning ferðarinnar sem farin var í lok september. Verkefnið bar heitið „Þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir atvinnulífið“. OAKK sinnir meðal annars ráðgjöf við fullorðna og hefur sérhæft sig í að veita ráðgjöf og fræðslu til



Mynd INáms- og starfsráðgjafar í Finnlandsferð

stjórnenda, mannauðsstjóra og ráðgjafa sem og starfsmanna, til að efla og hvetja til starfsþróunar. Styrkur fékkst fyrir 14 þátttakendur. Í kynnisferðinni var áhersla lögð á að kynnast því hvernig Finnarnir vinna með ráðgjöf við fyrirtækin til að efla og hvetja til starfsþróunar. Náms- og starfsráðgjafar frá fræðslu og símenntunarmiðstöðvum um land allt tóku þátt ásamt starfsmanni frá FA. Auk fræðslu um aðferðir Finnanna við að ná til og veita ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana, voru fjölbreytt verkefni kynnt og aðrar stofnanir sem sinna náms- og starfsráðgjöf heimsóttar.

Umsjón: Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir

8. Gæði í framhaldsfræðslunni

2.8. *Stuðla að auknum gæðum fræðslustarfs, raunfærnimats og ráðgjafar hjá viðurkenndum fræðsluaðilum með þróun gæðaviðmiða í samráði við Menntamálastofnun.*

Á árinu 2016 var sérstök áhersla lögð á að samræmingu gæðakerfis í fullorðinsfræðslu og undirbúning á nýju vottunarferli.

FA hefur umsjón með gæðavottun fræðsluaðila hér á landi og birtir upplýsingar á heimasíðu FA. Tveir fræðsluaðilar luku þriggja ára vottunarferli á þessu ári. Þá hafa allir fræðsluaðilar sem hafa EQM vottun lokið þriggja ára vottunarferli. Í undirbúningi er að auglýsa eftir úttektaraðila til næstu þriggja ára.

Unnið er að nýju skipulagi á gæðavottunarferli í samstarfi við MRN og Menntamálastofnun. Þrír vinnufundir hafa verið haldnir með MRN og Menntamálastofnun um gæðavottunarferlið. Stefnt er að því að samræma ferli við gæðavottun og viðurkenningu fræðsluaðila í þeim tilgangi að einfalda kerfið og gera það skýrara.

Nordplus verkefninu *Quality assurance within adult education* lauk í ágúst 2016 þar sem FA sá um verkefnastjórn. Í verkefninu voru gæðaviðmið fyrir fræðslu endurskoðuð, þróað námskeið og kennslufni til að þjálfa mattsaðila og/eða gæðastjóra og prentaður kynningarbæklingur. Afurðir verkefnisins eru aðgengilegar á vefslóðinni www.europeanqualitymark.org.

Unnið var að áframhaldandi þróun EQM gæðaviðmiða og vottunarferlis sem inniheldur þrjár stoðir framhaldsfræðslunnar, fræðslustarfsemi, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Lokið hefur verið við viðmið fyrir náms- og starfsráðgjöf og fyrir raunfærnimat. Þessi viðmið hafa verið lesin yfir og prófuð hjá fræðsluaðilum og eru tilbúin til notkunar. Ákveðið hefur verið að nota merki framhaldsfræðslunnar auk EQM + til að auðkenna þá fræðsluaðila sem hafa gæðavottun fyrir allar þrjár stoðir framhaldsfræðslunnar.

Þátttaka í erlendu og innlendu samstarfi um aukin gæði í framhaldsfræðslu. Við lok verkefnisins *Quality assurance within adult education* var verkefnahópurinn sammála um að leggja áherslu á framgang gæðakerfa í hverju landi fyrir sig. Hérlandis var megináhersla lögð á þróun gæðakerfis í samstarfi við Menntamálastofnun og MRN í því skyni að styrkja gæðakerfið og vinna að samræmingu á viðurkenningu fræðsluaðila og gæðavottun. Haldnir voru fjölmargir fundir með Menntamálastofnun og MRN og unnið að samræmingu gæðakerfa í framhaldsfræðslu. Starfinu miðaði vel.

Umsjón: Bergþóra Hlín Arnórsdóttir

9. Nemendabókhald

2.9. Þróa og viðhalda nemendabókhaldi í samstarfi við fræðsluaðila og mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem taka skal mið af mati á óformlegu námi og raunfærni, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Á árinu 2016 var unnið að eftirtöldum verkefnum:

Í upphafi ársins var stefnt að því að nýr þjónustusamningur um áframhaldandi notkun námsnetsins/MySchool kerfisins yrði gerður á milli FA og Stúdíu (rekstraraðila námsnetsins) annars vegar og á milli Stúdíu og símenntunarmiðstöðva hins vegar. Námsnetið hentar enn ekki nægjanlega vel t.d. fyrir skráningar á raunfærnimati, vegna stöðugrar þróunar og aðlögunar kerfisins að þörfum framhaldsfræðslu. Framhaldsskólar landsins nota flestir INNU-kerfið. Á haustdögum var tekin ákvörðun um að taka upp INNU fyrir skráningar nemendabókhalds framhaldsfræðslunnar. Gengið hafði betur að vinna samkvæmt þjónustusamningi við Stúdíu sem tók gildi 1.janúar 2015 en þeim fyrri og voru fræðsluaðilar sjálfstæðari í notkun sinni á kerfinu. Hinsvegar gekk ekki betur að fá kerfið til að virka fyrir alla þætti framhaldsfræðslunnar m.a. tölfraði o.fl.

Vinna með Advania við að setja upp og aðlaga kerfi INNU að framhaldsfræðslunni hófst í lok október 2016 og er stefnt að því að fræðslumiðstöðvar taki upp kerfið frá og með miðju ári 2017.

Í upphafi árs hafði verið gerður samningur við Tækniskólann um að skrá inn raunfærnimat í INNU fyrir fræðslumiðstöðvar. Sú vinna fór í gegnum FA þar sem útbúið skráningarblað til útfyllingar í þessu skyni og það sent til fræðslumiðstöðva. Í ljós kom að upplýsingar vantaði á skráningarblaðið og þegar vinna hófst með Advania um að taka upp INNU tóku þeir við að aðstoða við þessa skráningu. Stór hluti upplýsinga um raunfærnimat ársins 2016 hefur nú verið skráður inn í INNU fyrir miðstöðvarnar.

Umsjón: Friðrik Hjörleifsson og Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir

10. Miðlun upplýsinga á vettvangi framhaldsfræðslu

2.10. Miðla upplýsingum um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu, bæði hér á landi og erlendis, í þeim tilgangi að auka þekkingu og efla skilning á málaflokknum.

Frá upphafi FA hefur miðlun upplýsinga um starfsemina verið liður í starfinu. Helstu leiðir til kynningar eru útgáfa ársritsins Gáttar, fundir, ráðstefnur og vefur FA www.frae.is. Kynningar á starfinu eru reglulegur liður í öllum þáttum starfseminnar.

Gátt, ársrit um framhaldsfræðslu kom út á ársfundi 30. nóvember. Ritið er það þrettánda í röðinni síðan 2004. Gátt 2016 er 78 blaðsíður með 19 greinum um fjölbreytilegt efni. Ritstjórn hélt fjóra fundi. Í ljósi þess að þeim fjölgar hratt sem velja að sækja einstakar greinar var ákveðið var að fækka prentuðum eintökum í 300. Ritið er sent víða, til símenntunarmiðstöðva, framhaldsskóla og bókasafna. Gátt er notað til kennslu í þremur háskólum HÍ, HA og LHÍ og er þar að auki aðgengilegt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is.

Ársfundur með yfirskriftinni *Lærum í skýinu* var haldinn á Grand hótél 30. nóvember.

Aðalfyrirlesari var Alastair Creelman, sem fjallaði um þróun náms á rafrænum vettvangi undir yfirskriftinni *New arenas for learning – extending the discussion*. Þá voru fyrirmyndum í námi fullorðinna veittar viðurkenningar. Að þessu sinni voru það nýbúinn og háskólaneminn Souleymane



Mynd 2 Fyrirmyndir í námi fullorðinna ásamt fulltrúum FA og fræðsluaðila

Sonde frá Burkino Faso og Vésteinn Aðalgeirsson, sjómaður og námsmaður sem hlutu viðurkenningarnar. Rúmlega 80 manns sóttu fundinn við góðar undirtektir.

Unnið var að undirbúningi að samhæfingu á vefjum FA. Þrír vefir tengjast starfinu, frae.is, framhaldsfræðsla.is og naestaskref.is. Æskilegt er að þeir tengdust á einhvern hátt, væru í sama kerfi og bæru sameiginlegt yfirbragð.

Á tímabilinu 21. - 31. janúar 2016 var gert átak á Facebook til kynningar á síðunni framhaldsfræðsla.is í samstarfi við auglýsingastofuna ENNEMM og þá fjölgaði heimsóknnum umtalsvert. Unnið hefur verið í samstarfi við fræðsluaðila, fulltrúa Kvasis að kynningu á framhaldsfræðslumerkinu og vefsíðunni á samfélagsmiðlum. Hópurinn hittist þrisvar á árinu og átti samstarf, um hvernig staðið skyldi að kynningunum sem voru styrktar af Fræðslusjóði.

Á árinu voru sendir út Sneplar, rafrænir bæklingar með kynningum á ýmsum þáttum starfsemi FA. Árið 2016 voru sendir 4 bæklingar til kynningar á raunfærnimati, Næsta skrefi og náms- og starfsráðgjöf. Bæklingarnir voru sendir til viðeigandi aðila og birtir á heimasíðunni frae.is

Upplýsingum um framhaldsfræðslu hérlendis og erlendis var m.a. miðlað með móttöku gesta. Starfsemi FA var kynnt fyrir á níunda hundrað manns. Þar á meðal hópum frá Norðurlöndunum, Eystrasaltslöndunum og Ungverjalandi. Kynningar fóru fram á fundum og ráðstefnum á Íslandi og erlendis. Umfjöllunarefni var starfsemi FA, ráðgjöf í raunfærnimati, kennslufræði, fræðslustjóri að láni og starfsmenntasjóðir.

Á árinu 2016 stóð FA í samstarfi við NVL að þremur ráðstefnum og námskeiðum, sjá nánar í kaflanum um Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL).

Umsjón: Sigrún Kristín Magnúsdóttir

11. Undirbúa aðkomu nýrra hópa að framhaldsfræðslu

2.11. Undirbúa aðkomu nýrra hópa, s.s. innflytjenda, fatlaðra og hælisleitenda, að framhaldsfræðslu og nýta samlegðaráhrif í starfi FA.

Á árinu 2016 var áfram lögð áhersla á þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir hópa sem standa utan vinnumarkaðar, innflytjendur og hælisleitendur í gegnum verkefnið *Guidance and Orientation for Adult Learner (GOAL)*.

Forsaga verkefnisins er sú að mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) að taka þátt í umsókn í verkefnasjóð Erasmus + Key Action 3. Verkefnið er undir forystu flæmska mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Belgíu. Önnur samstarfslönd eru Holland, Tékkland, Slóvenía og Litháen. Að auki er breskur matsaðili og fulltrúi frá Tyrklandi fylgist með þróuninni. Verkefnið er til þriggja ára og er unnið í samstarfi við Mími og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, á þeirra svæðum.

Í gegnum samstarf landanna verða þróaðar leiðir fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám. Unnið verður í nánú samstarfi við sveitarfélög og skrifstofur Vinnumálastofnunar á viðkomandi svæðum.

Fulltrúar FA, Mímis og MSS í verkefninu undirbjuggu og höfðu umsjón með fundi samstarfslandanna hér á landi í maí þar sem farið var yfir stöðu mála í verkefninu og farið í vettvangsheimsóknir til Mímis og MSS. Fulltrúar FA sóttu fund samstarfslandanna í Hollandi í október þar sem farið var yfir niðurstöðu fyrstu rannsóknarlotu, framvinda rædd og framkvæmdaraðilar þar í landi heimsóttir.

Tveir fundir voru haldnir með samráðshópi hagsmunaaðila þar sem farið var yfir framvindu mála og úrlausnarefni tekin fyrir. Hagsmunaaðilum þykir málefnið mikilvægt og brýnt að koma á samtali og efla tengslanet í því skyni að móta heildræna stefnu í málaflokknum markhópnum til hagsbóta. Í verkefninu hefur Mímir átt í samstarfi við Vinnumálastofnun, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Virk, Fangelsismálastofnun og Hlutverkasetur. MSS hefur átt í samstarfi við Samvinnu, Landnemaskólann, Vinnumálastofnun, Fjölsmiðjuna, Félagsþjónustu Reykjanesbæjar og Félagsþjónustu Sandgerðis, Garðs og Voga. Á seinni fundi samráðshópsins hófst undirbúningur fyrir lokaráðstefnu verkefnisins sem áætluð er haustið 2017.

Komið var á sérstökum hópi fagaðila til að safna saman upplýsingum um árangursríkar leiðir til að efla markhópinn. Hópurinn fundaði tvisvar á árinu þar sem rætt var um skilgreiningu á markhópnum, mismunandi hópa innan hans, stöðu og þarfir hópanna og þá umfangsmiklu þjónustu sem í boði er. Áhersla var lögð á að skoða hvernig ráðgjöf framhaldsfræðslunnar gæti náð til hópsins í því skyni að efla fólk til náms. Í kjölfarið var komið á vinnudegi með sérfræðingum hjá Vinnumálastofnun til að fara yfir aðferðir og tæki sem borið hafa árangur í starfi með atvinnuleitendum. Ráðgjafar á svæðum framkvæmdaraðila hafa jafnframt þróað hópráðgjafarefni sérstaklega fyrir hópa innan verkefnisins eins og *Sjálfsmynd og samskipti* og *Styrkleikar, nám og störf* sem var í boði fyrir innflytjendahópa. Komið hefur í ljós að þörf er á áreiðanlegri túlkakerfi í tengslum við ráðgjöf og þykir þjálfun túlka og hæfnikröfum í starfi þeirra ábótavant.

Byggt á ofangreindri reynslu var boðið upp á námskeið fyrir náms- og starfsráðgjafa á vettvangi framhaldsfræðslunnar í áhugahvetjandi viðtalstækni, og fóru ráðgjafar verkefnisins á námskeið hjá Háskóla Íslands í notkun könnunarinnar „Könnun á aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli“. Jafnframt var unnin greining á færniþörfum ráðgjafa út frá samhengi verkefnisins.



Mynd 3 Ráðgjafar framhaldsfræðslunnar á námskeiði í áhugahvetjandi samtalstækni á vegum GOAL verkefnisins

Tilvísanir frá þjónustuaðilum markhópsins yfir til símenntunarmiðstöðvanna er sú leið sem hefur verið árangursríkust í verkefninu til að ná til markhópsins. Þrátt fyrir það eru þær ekki alltaf áreiðanlegar þar sem þó nokkuð er um að fólk sem hefur verið skráð í viðtal hjá ráðgjafa mætir síðan ekki. Nálægð MSS við aðra þjónustuaðila í sínum húsakynnum hefur gefið góða raun þar sem ráðgjafarnir eru sýnilegir markhópnum daglega. Tengslanet á milli aðila skipta sköpum og að tilvísunaraðilar þekki vel til þjónustu símenntunarmiðstöðvanna og geti metið hvort hún eigi við. Í lok ársins höfðu um 50 einstaklingar (af 100 áætluðum) nýtt sér þjónustuna. Ráðgjafar hafa lýst því að oft þurfi að taka á erfiðum málum og viðtölin eru því lengri en hefðbundin viðtöl. Verkefnið gefur svigrúm fyrir slíkt þar sem hver og einn á að geta fengið 5-10 viðtöl eða tekið þátt í hópráðgjöf. Sú staðreynd að margir mæta ekki í skráð viðtöl hefur augljóslega haft áhrif á þær áætlanir. Margt bendir til þess að sá hópur sem verið er að nálgast í GOAL verkefninu sé mögulega ekki tilbúinn til að nýta sér náms- og starfsráðgjöf á því formi sem um ræðir. Því hefur verið opnað fyrir að horfa í auknum mæli til fólks sem er í einhverskonar virkni/úrræði og tengja þjónustuna við sem framlengingu á henni. Í heildarskýrslum landanna voru teknar saman helstu ástæður þess að fólk í markhópnum hefur ekki haldið áfram í sinni færniþróun (sjá töflu hér fyrir neðan or GOAL Cross-country report – Wave 1)

Table 4.3. Barriers: What sort of things have stopped you improving your education or your career up till now? (multiple choice question answers do not add to 100%)

	Responses		% of Cases
	N	%	
Insufficient basic skills (e.g. cannot read or write, poor reading and/or writing skills)	9	2	4
Low country's main language proficiency	18	4	8
Lack of prerequisites (entrance requirements)	11	2	5
I was too busy at work	29	6	13
I was too busy taking care of my family	32	7	15
Cost of education or training was too expensive/I could not afford it	54	12	25
Lack of information about courses	13	3	6
No suitable courses available	8	2	4
Courses offered at an inconvenient time/place	15	3	7
Negative prior experience with schooling	37	8	17
Learning disabilities (e.g. ADHD, dyslexia)	15	3	7
Age	7	2	3
Health problems (incl. mental and physical health)	32	7	15
Lack of confidence	35	7	16
Lack of motivation	43	9	20
Lack of support from family	23	5	11
Lack of support from employer	6	1	3
Lack of transport or mobility	13	3	6
Cultural or religious obstacles	2	0.4	1
Criminal record in the past	3	1	1
Other personal reasons	42	9	19
Other	23	5	11
Total	470	100	217

Mynd 4 Atriði sem hindrað hafa fullorðna við að styrkja menntun sína eða starfsframa.

Fundir stýrihóps verkefnisins hafa verið haldnir einu sinnis til tvisvar í mánuði (fulltrúar FA, ráðgjafar Mímis og MSS, Menntavísindastofnun) og hefur hópurinn lært mikið um markhópin.

Menntavísindastofnun HÍ vann að fyrri rannsóknarhluta verkefnisins (t.o.m. apríl 2016) með söfnun upplýsinga úr viðtölum og framkvæmd rýnihópa. Fulltrúar FA tóku saman upplýsingar um samstarf við hagsmunaaðila og þróun innihalds ráðgjafar í samstarfi við Mími og MSS. Menntavísindastofnun útbjó ítarlega landsskýrslu í samvinnu við fulltrúa FA. Þar kemur m.a. fram að flestir þátttakendur eru karlmenn undir þritugu. Mest er unnið með sjálfstraust og sjálfsímynd í lengri viðtölum og eru langflestir ánægðir með ráðgjöfina. Þátttakendum virðist skorta frumkvæði og þörf á að vinna ítarlegar markmiðáætlanir. Sjá nánar landsskýrslu á heimasíðu verkefnisins: projectgoal.eu.

Verkefninu var miðlað víða á meðal hagsmunaaðila innanlands og erlendis, á ráðstefnum og fundum. Á svæðum framkvæmdaraðila hefur verið lögð áhersla á að funda formlega og óformlega með hagsmunaaðilum og hafa kynningarblöð verið send út til að veita upplýsingar. Sterk tenging hefur m.a. náðst við Rauða krossinn í gegnum verkefnið og hafa upplýsingar um tækifæri á vettvangi framhaldsfræðslunnar vakið mikinn áhuga á meðal hagsmunaaðila innflytjenda, þá sérstaklega um raunfærnimat.

VISKA – nýtt verkefni

Fulltrúar FA unnu að nýrri umsókn í verkefnasjóð Erasmus + Key action 3 í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, RANNÍS, norska menntamálaráðuneytið og IDUNA-fræðslusetur. Líkt og með GOAL verkefnið var það mennta- og menningarmálaráðuneytið sem fól FA að taka þátt í því umsóknarferli. Umsóknin hlaut brautargengi og mun vinna við það ná frá árunum 2017-2020. Verkefnið snýst um þróun samstarfs, aðferða og tækja til að gera hæfni innflytjenda sýnilega og ber heitið Visible Skills of Adults (VISKA).

Umsjón: Fjóla María Lárusdóttir

12. Önnur verkefni: Norrænt tengslanet um nám fullorðinna

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) að vista NVL, Norrænt tengslanet um nám fullorðinna á Íslandi. Samningur um verkefnið gildir til 31. desember 2016 en FA hefur verið umsjónaraðili fyrir hönd Íslands frá árinu 2005.

NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Netið var í flokki verkefna en var fært yfir í flokk áætlana til jafns við Nordplus menntaáætlunina árið 2015. Umtalsverð samlegðaráhrif hafa verið af samstarfi FA og NVL, áherslur í starfseminni eru á sömu sviðum og mynda grunn að samstarfinu. FA hefur lagt mikla áherslu á það sem m.a. kemur fram í, að auk tengiliðsins hafa fimm aðrir starfsmenn setið fyrir Íslands hönd í ólíkum sérfræðingasetum og vinnuhópum.

Fulltrúar landanna í kjarnanetinu hittust á sex fundum á árinu, fundinn í Helsinki í mars sátu einnig stjórnendur þeirra stofnana sem vista NVL á Norðurlöndunum, auk fulltrúa landanna í sérstökum verkefnum sem lúta að fræðslu fullorðinna á vegum Evrópusambandsins (European Agenda for Adult Learning). Þar að auki hittust fulltrúarnir á netinu annan hvorn mánudag.

Fulltrúi Íslands hefur umsjón með verkefni um færniþróun í atvinnulífinu. Að verkefninu koma tveir hópar, fjögurra manna stýrihópur og net með 12 fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins. Fulltrúar í netinu hafa greint og krufið til mergjar hindranir og erfiðleika á sviði náms og færniþróunar í og fyrir atvinnulífið. Niðurstöðurnar voru birtar í áfangaskýrslu sem var til umfjöllunar á norrænni innspilsráðstefnu í Málmei í Svíþjóð 25. og 26. ágúst. Þar tóku á sjötta tug fulltrúa atvinnulífsins og fræðsluaðila hvaðanæva Norðurlanda þátt í umræðum og gáfu gagnlegar ábendingar og tillögur sem unnið var með áfram á lokastigum skýrslugerðar í verkefninu.

Umtalsverð vinna hefur farið í undirbúning viðburða sem NVL og FA hafa staðið að í samstarfi við ýmsa aðila. Fyrstur var fundur 3. mars með framkvæmdastjóra NVL, Antra Carlsen og fulltrúum í öðrum netum NVL til þess að fjalla um starfið framundan á Íslandi og hlera áætlanir og þarfir.

Annar viðburðurinn var málþing í Norræna húsinu 18. maí í samstarfi við Háskóla Íslands og sérfræðingaset NVL um raunfærnimat. Þar ræddu rúmlega 50 manns um mat á raunfærni í háskólum. Markmið fundarins var að kynna aðferðir raunfærnimats fyrir fulltrúum í háskólum á Íslandi.

Þá var haldin norræn/evrópsk ráðstefna 9. nóvember í samstarfi við FA, Rannís, Euroguidance, EPAL og Erasmus+. Ráðstefnan var upphafsskref að tengslaráðstefnu á vegum Erasmus+ og fjallaði um hvernig beita má náms- og starfsráðgjöf til þess að ná til þeirra sem minnsta menntun hafa í ljósi evrópskrar stefnu um nýja hæfni (*New Skills Agenda for Europe*). Þátttakendur voru á áttunda tug.

Þann 30. nóvember var FA ársfundur haldinn í samstarfi við NVL á Grand hótél Reykjavík um upplýsingatækni í kennslu og námi sem fjallað var um hér að framan undir kaflanum um miðlun upplýsinga um framhaldsfræðslu.

Síðasti viðburðurinn var námskeið fyrir leiðbeinendur/kennara í fullorðinsfræðslu sem Kennslufræðimiðstöð FA, Námsbraut um nám fullorðinna við Menntavísindasvið Háskóla

Íslands og NVL stóðu fyrir 1. desember 2016 undir yfirskriftinni Opnir miðlar og námssamfélög.

Fréttir um fullorðinsfræðslu á Íslandi voru sendar og birtust í mánaðarlegu fréttabréfi alla mánuði ársins nema júlí. Erla Sigurðardóttir var fulltrúi Íslands í ritstjórn NVL fyrir vef tímaritið DialogWeb (<http://nvl.org/DialogWeb>) 2016. Hún skrifaði greinar í ritið og miðlaði upplýsingum um það sem efst var á baugi og varðar fræðslu fullorðinna á Íslandi.

Umsjón: Sigrún Kristín Magnúsdóttir